



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing  
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir,  
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Akureyri, 3. mars 2021  
MÍ202101-0102/ 6.09 / S.G.

## Efni: Núpsmýri í Öxarfirði - iðnaðarsvæði - deiliskipulag

Með tölvupósti sendum 26. janúar 2021 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi að Núpsmýri í Öxarfirði dagsettri 22. desember 2020.

Þegar er búið að skrá fornleifar á og við skipulagssvæðið (Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga (2017) Fornleifaskráning vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri, Öxarfirði. Rannsóknaskýrslur 2017/18, Byggðasafn Skagfirðinga). Skráðar voru 9 tóftir, fjórar í landi Núps og fimm í landi Daðastaða. Tóftirnar fjórar í landi Núps eru innan skipulagssvæðis og voru þær því rannsakaðar með könnunarskurðum dagana 29. og 30. september 2017 (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir (2017) Könnunarskurðir vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri, Öxarfirði. NV nr.28-17, Náttúrustofa Vestfjarða). Byggt á þeirri fornleifarannsókn og með bréfi þann 12. desember 2017 (MÍ201703-0032/6.07/K.M.) veitti Minjastofnun Íslands Íslandsbleikju ehf leyfi til að fjarlægja fornleifarnar fjórar í landi Núps (1863-1, 1863-2, 1863-3 og 1863-4) vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjavörður skrifaði einnig umsögn um skipulagslýsinguna þann 18. maí 2018 (MÍ201805-0005/ 6.09 / R.L.)

Girðing er á milli fornleifanna fimm í landi Daðastaða (1863-5, 1863-6, 1863-7, 1863-8 og 1863-9) og skipulagssvæðisins og stafar þeim því ekki bein hættu af framkvæmdum á lóð Íslandsbleikju ehf.

Þó er mikilvægt að tóftirnar fimm í landi Daðastaða séu merktar á meðan á framkvæmdum stendur til að kom í veg fyrir að þær raskist vegna vangár. En í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a.: „Fornleifum [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn,

hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Skilmerkilega er greint frá fornleifum í greinargerð og umhverfisskýrslu skipulagsins, kafla 2.5.1, bls 6. Minjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við skipulagið eins og það var kynnt stofnuninni.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun